

Fyrirspurn

til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
um Náttúruverndarstofnun.

Frá Jódísi Skúladóttur.

- Heldur ný Náttúruverndarstofnun sem tekur til starfa 1. janúar 2025, sbr. lög nr. 111/2024, sambærilegri stjórnsýslulegri stöðu og Umhverfisstofnun hafði áður hvað varðar að grípa inn í og veita lögbundnar umsagnir um mál sem snerta viðkomandi málaflokka?
- Fær Náttúruverndarstofnun að fullu þá stöðu sem Umhverfisstofnun hafði, svo sem að vera lögbundinn umsagnaraðili yfir áætlunum og framkvæmdaverkefnum sem geta haft áhrif á náttúru og umhverfi?
- Hvernig verður tekið á fyrirséðum annmörkum sem geta komið upp þegar ný Náttúruverndarstofnun kemur að umsögnum um svæði og verkefni sem eru beinlínis á forræði stofnunarinnar, svo sem friðlýst svæði og svæði innan Vatnajökulspjóðgarðs?
- Getur stofnunin verið umsagnaraðili yfir sjálfri sér þegar upp koma t.d. framkvæmdaverkefni innan friðlýstra svæða?

Skriflegt svar óskast.